

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskólans á Akureyri.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. júlí 1994.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

12. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vals, sem er Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Glæsi-bæjar-, Öxnadals-, Skriðu- og Arnarneshreppur, allir í Eyjafjarðarsýslu. Hámarkstala er 20 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1994.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í VI. kafla um almennt flug í XI. viðauka samningsins um Evrópska Efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans: